

Fiskistofa

[Hera Katrín Aradóttir](#)

Umsögn birt 5.12.2025

Fiskistofa vísar í umsögn sína sem veitt var á fyrri stigum málsins, þann 7. maí 2025.

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

23. desember 2025, Reykjavík
UOS2511146/R.S.

Umsögn – Matsáætlun – Dýpkun á Grynnslinum Hornafirði

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 18. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um ofangreinda matsáætlun.

Hornafjarðarhöfn áformar dýpkun siglingaleiðar um Grynnslin við Hornafjarðarós en reglulega yfir vetrarmánuðina verða tafir á siglingum um Ósinn og Grynnslin vegna ölduhæðar sem hefur áhrif á útgerð á svæðinu. Fyrirhuguð framkvæmd felur annars vegar í sér dýpkun og hins vegar efnislosun í sjó. Vegagerðin fer með umsjón verksins. Vegagerðin vinnur nú að langtímaáætlun sem felur í sér dýpkun með efnismagni á bilinu 0 – 1.000.000 m³ á ári. Samtals allt að 5.000.000 m³ til 10 ára. Tilgangur framkvæmda er að dýpka siglingarás um Grynnslin niður í 11 m svo skip geti siglt í flestum veðrum.

Áhrifamat á vatn

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að í áhrifamati fyrir vatnshlot sem þarf að skila vegna leyfisveitinga þarf að vera umfjöllun um efnistökusvæðið.

Virðingarfyllst,

Rakel Sæmundsdóttir

Teymi leyfa og umsagna

Þorbjörg Sigfúsdóttir

Teymi leyfa og umsagna

Sæl.

Tel varla þörf á umsögn frá LHG en svona í gríni sagt þá ætti e.t.v. að benda á það að fara með efnið sem til fellur vel útfyrir innsiglingu og siglingaleiðir að Hornafirði. Jafnframt að dreifa því vel svo ekki myndist grynningar sem þarf að endurmeta m.t.t. sjókorta. Svona klúður hefur reyndar átt sér stað í gegnum tíðina og þ.á.m. í tengslum við dýpkunarframkvæmdir í Hornafjarðarós.

Bestu kveðjur / Best regards

Ásgrímur L. Ásgrímsson

Landhelgisgæslunni

9. janúar 2026

Sveitarfélagið Hornafjörður gerir ekki athugasemd við umhverfismatsskýrslu.

Bestu kveðjur,

Gunnlaugur



Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 12. janúar 2026
Málsnúmer: 202511-0044
IAS

Efni: Dýpkun á Grynnslnum, Hornafirði. Kynning á umhverfismatsskýrslu.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar frá 18. nóvember 2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um umhverfismatsskýrslu vegna dýpkunar á Grynnslnum, Hornafirði.

Hornafjarðarhöfn áformar dýpkun siglingarleiðar um Grynnslin við Hornafjarðarós. Grynnslin eru sandrif sem myndast framan við sjávarfallaósa og eru mikill áhrifabáttur í siglingum á svæðinu. Ölduhæð hefur takmarkandi áhrif á siglingar um þau og eru reglulega tafir á siglingum um Ósinn og Grynnslin vegna ölduhæðar yfir vetrarmánuðina. Fyrirhugað dýpkunar- og losunarsvæði er utan stjórnsýslumarka sveitarfélaga. Fyrirhuguð framkvæmd felur annars vegar í sér dýpkun og hins vegar efnislosun í sjó. Vegagerðin fer með umsjón verksins.

Vegagerðin vinnur nú að langtímaáætlun sem felur í sér dýpkun með efnismagnið á bilinu 0 – 1.000.000 m³ á ári. Samtals allt að 5.000.000 m³ til 10 ára.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skýrsluna og tekur undir þá niðurstöðu að losunin er líkleg til að hafa staðbundin og tímabundin neikvæð áhrif á botndýralíf. Sem mótvægisáðgerð er fyrirhugað að vakta samsetningu lífvera á losunarstað á 2-3 ára fresti meðan á framkvæmdum stendur. Þar sem breytilegt er hversu mikið efnismagnið verður á ári væri eðlilegra að miða tíðni vöktunar líka við efnismagn og bæta við vöktun ef losun fer yfir ákveðið magn. Þá mætti miða við sýnatöku á tveggja ára fresti eða eftir 1.000.000 m³. Áhrif á botndýralíf geta líka haft áhrif upp fæðukeðjuna, þar með talið á fuglalíf en almennt er lítið vitað um hvernig efnislosun af þessum toga hefur áhrif á fæðuöflun sjófugla.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hafnarfirði, 20. 01. 2026
MFRI: 2025-04-0182

Efni: Dýpkun á Grynnslnum, Hornafirði. Umhverfismatsskýrsla.

Hafrannsóknastofnun barst tölvupóstur frá Skipulagsstofnun 18. nóvember 2025 þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um umhverfismatsskýrslu vegna dýpkunar á Grynnslnum, Hornafirði, mál nr. 468/2025 í Skipulagsgátt.

Hornafjarðarhöfn áformar dýpkun siglingarleiðar um Grynnslin við Hornafjarðarós. Grynnslin eru mikill áhrifabáttur í siglingum á svæðinu og reglulega verða tafir á siglingum um Ósinn og Grynnslin vegna ölduhæðar. Talið er ólíklegt að aðrar aðgerðir en dýpkun gætu gagnast til að halda Grynnslnum færum. Vegagerðin vinnur nú að langtímaáætlun sem felur í sér dýpkun á Grynnslnum með efnismagni á bilinu 0 – 1.000.000 m³ á ári, samtals allt að 5.000.000 m³ til 10 ára. Efnislosun er áætluð í sjó um 5 km frá Hornafjarðarósi, sjá mynd 2.1 í umhverfismatsskýrslu (VSÓ Ráðgjöf. (2025). *Dýpkun á Grynnslnum, Hornafirði. Umhverfismatsskýrsla.*).

Fram kemur í umhverfismatsskýrslu að á árunum 2024 og 2025 hafi Grynnslin verið dýpkuð. Þá voru um 230.000m³ af dýpkunarefni losaðir á losunarstaðnum úti fyrir Hornafjarðarósi.

Um mat á umhverfisáhrifum og mótvægisáðgerðir

Niðurstaða umhverfismatsskýrslu er sú að fyrirhuguð framkvæmd hafi staðbundin en tímabundin áhrif á vatnsformfræðilega þætti á losunarsvæði og þar með á tímabundin áhrif á botndýralíf. Sýnataka á botndýralífi á losunarsvæði fór fram sumarið 2025 og voru sýni greind til að meta vistfræðilegt ástand svæðisins með gæðavísunum AMBI og NQI1, í samræmi við lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og kröfur um ástandsflokkun vatnshlota í sjó. Niðurstöður þeirrar greiningar benda til þess að botndýralíf svæðisins sé í mjög góðu vistfræðilegu ástandi án merkjanlegra áhrifa frá losun árin 2024 og 2025. Þær niðurstöður eru því í samræmi við niðurstöður umhverfismats.

Fram kemur í greinargerð að til mótvægis við staðbundin áhrif á vatnsformfræði og botndýralíf verði skilgreint losunarsvæði afmarkað ríflega til að dreifa álagi innan þess. Einnig kemur fram að botndýralíf verði vaktað meðan á framkvæmdum stendur, og er miðað við vöktun á 2-3 ára fresti á framkvæmdatíma.


Umsögn Hafrannsóknastofnunar

Hafrannsóknastofnun gerir ekki athugasemd við þá niðurstöðu umhverfismats að efnislosun á losunarsvæði hafi óveruleg neikvæð áhrif. Stofnunin bendir þó á að samkvæmt áætlun Vegagerðarinnar er gert ráð fyrir að efnislosun verði breytileg eftir árum og jafnvel allt að 1.000.000 m³, sem er fjórfalt það magn sem losað var 2025. Mögulegt er að áhrif á botndýralíf

svæðisins verði varanlegri og meiri við svo mikla efnislosun. Hafrannsóknastofnun tekur því undir ábendingar Náttúrufræðistofnunar (dags. 12. janúar) um að eðlilegt væri að vöktun taki mið af því efnismagni sem losað er hverju sinni, frekar en að hún miðist við visst árábil. Eins er mikilvægt að tryggja hæfilega dreifingu efnis á efnislosunarsvæðinu. Ef losun fer mikið umfram það magn sem losað var 2025 og sýnataka bendir til umfangsmeiri áhrifa á botndýralíf er nauðsynlegt að endurskoða efnislosun í ljósi þess.

Hafrannsóknastofnun gerir ekki aðrar athugasemdir við fyrirlagða umhverfismatsskýrslu.

Fyrir hönd Hafrannsóknastofnunar,



Hrönn G. Guðmundsdóttir